



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 37/2018

Fullyrðing Vidcom ehf. um virkni fótþóltadróna

I.

Erindið

1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 27. júlí 2018, fór stofnunin fram á skýringar Vidcom Ísland ehf. vegna fullyrðinga um virkni vöru fyrirtækisins, svonefndan fótþóltadróna. Í ábendingu til Neytendastofu var á það bent að fótþóltadróninn hafi verið til sölu a.m.k. í Nettó á Granda. Samkvæmt ábendingunni stóð á umbúðum vörunnar „*Náðu margra klukkustunda skemmtun með fótþóltadrónanum – fljúgandi, upplýsti dróninn sem þú stjórnar með höndunum*“. Í leiðbeiningum sem hafi fylgt með vörunni inni í kassanum komi hins vegar fram að það taki um tuttugu til þrjátíu mínútur að hlaða drónann og að hann fljúgi í fimm til átta mínútur eftir hleðslu.

Í bréfinu er vakin athygli á ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þá var á það bent að samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laganna skuli fyrirtæki geta sannað fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geti þær verið til þess fallnar að vera villandi fyrir neytendur og feli þar með í sér óréttmæta viðskiptahætti.

Með bréfinu var farið fram á að Vidcom færði sönnur á fyrrgreinda fullyrðingu ásamt því að fyrirtækinu var gefinn kostur á að koma með frekari skýringar eða athugasemdir.

Engin svör bárust Neytendastofu.

Neytendastofa óskaði á ný eftir skýringum og athugasemdum, með bréfi dags. 27. ágúst 2018, auk þess sem stofnunin ítrekaði beiðni um að fyrirtækið færði sönnur á hina fyrrgreindu fullyrðingu Vidcom.

Var þess óskað að svör bærust stofnuninni innan tveggja vikna frá dagssetningu bréfsins að öðrum kosti mætti búast við að ákvörðun yrði tekin á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Engin svör bárust Neytendastofu.



2.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 18. september 2018, var Vidcom tilkynnt að gagnaöflun væri lokið í málinu. Stofnunin myndi því taka ákvörðun á grundvelli fyrirliggjandi gagna og fyrirtækinu yrði gert viðvart er ákvörðun lægi fyrir.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur að fullyrðingu fyrirtækisins Vidcom um virkni vöru. Fullyrðingin er birt á umbúðum vörunnar þar sem fram kemur að hægt sé að njóta margra klukkustunda skemmtunar með fótboldadrónanum sem sé fljúgandi, upplýstur og hægt að stjórna með höndum. Hefur Neytendastofa farið fram á að fyrirtæki færi sönnur á fullyrðinguna skv. 4. mgr. 6. gr., auk þess sem athygli Vidcom hefur verið vakin á ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Líkt og fram hefur komið bárust Neytendastofu engin svör af hálfu fyrirtækisins þrátt fyrir ítrekanir þar um.

2.

Í lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er, skv. ákvæðinu, nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. laganna segir að fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þurfi fyrirtæki að geta fært sönnur á. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geta þær verið til þess fallnar að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjarnar gagnvart keppinautum.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það



að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í bréfi Neytendastofu var vísað til b. liðar 1. mgr. 9. gr. þar sem segir að átt sé við rangar upplýsingar um :

„b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar“

Þá segir í 2. mgr. 9. gr. laganna:

„Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.“

Skv. ákvæðinu teljast viðskiptahættir villandi ef fyrirtæki leynir upplýsingum sem skipta máli við ákvörðun um að eiga viðskipti eða þær eru veittar á óljósan eða margræðan hátt. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megí þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr.

3.

Í máli þessu liggur fyrir að á umbúðum fótboltadrónans eru ekki settar fram nánari útskýringar um hvað sé átt við með umræddri fullyrðingu. Endingartími hleðslurafhlöðu fótboltadrónans er einungis um fimm til átta mínútur eftir fulla hleðslu og hleðslutími er um tuttugu til þrjátíu mínútur. Framangreindar upplýsingar koma einungis fram í leiðbeiningum sem eru staðsettar innan í lokuðum umbúðum vörunnar.

Að mati Neytendastofu er hægt að skilja fullyrðingu Vidcom á þann veg að endingartími rafhlöðu sé margar klukkustundir. Útilokað sé því fyrir hinn almenna neytanda að átta sig á því, af fullyrðingunni einni og sér, eins og hún sé framsett utan á umbúðum fótboltadrónans, að hlaða þurfi í hvert skipti sem fótboltadróninn sé notaður og raunverulegur endingartími sé því aðeins fimm til átta mínútur í hvert sinn.

Í þeim tilvikum sem fullyrðingar geta verið margræðar og til þess fallnar að neytendur túlki þær með öðrum hætti en auglýsandi ætlar þegar hann setur þær fram verður auglýsandi að gefa skýringar samhliða fullyrðingunni um það hvað felist í henni. Þrátt fyrir að frekari skýringar komi fram í því tilviki sem hér um ræðir þá verður að horfa til þess að neytanda verður það



ekki ljóst fyrr en eftir kaupin þar sem þær upplýsingar koma aðeins fram í leiðbeiningum sem fylgja með inni í lokuðum umbúðum vörunnar. Að auki eru þær upplýsingar ekki í samræmi við þá fullyrðingu sem fram kemur í vörulýsingu utan á umbúðum. Neytendastofa telur því fullyrðinguna villandi og ranga. Í máli þessu felur það því í sér brot gegn 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. lið 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 að tilgreina ekki samhliða fullyrðingunni að endingartími rafhlöðunnar sé einungis fimm til átta mínútur og hlaða þurfi fótboltadrónann í tuttugu til þrjátíu mínútur eftir hvert skipti. Með vísan til alls ofangreinds er Vidcom Ísland ehf. bönnuð frekari birting fullyrðinga um að hægt sé að ná „*margra klukkustunda skemmtun með fótbolta-drónanum – fljúgandi, upplýsti dróninn sem þú stjórnar með höndunum*“ án frekari skýringa um það hvað felist í fullyrðingunni.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Vidcom Ísland ehf., Álfabakka 14, hefur með birtingu fullyrðingarinnar „*Náðu margra klukkustunda skemmtun með fótbolta-drónanum – fljúgandi, upplýsti dróninn sem þú stjórnar með höndunum*“ án þess að fram komi skýringar um að hlaða þurfi í hvert skipti eftir notkun og að endingartími rafhlöðu sé aðeins fimm til átta mínútur, brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., b. lið 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. og 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Vidcom Ísland ehf. bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti.

Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir.“

Neytendastofa, 10. október 2018

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir